



# Ofbeldissamband yfirgefið

**Ingólfur V. Gíslason, fil. dr. í félagsfræði,  
dósent við Háskóla Íslands.**

**Valgerður S. Kristjánsdóttir, MA í félagsfræði,  
hjá Leikskólanum Grænuborg.**



Ingólfur V. Gíslason

Valgerður S.  
Kristjánsdóttir

## Útdráttur

Greinin hefur að markmiði að varpa ljósi á reynslu kvenna af að yfirgefa ofbeldisfullan maka. Greinin byggist á niðurstöðum úr rannsókn Valgerðar S. Kristjánsdóttur (2014) til meistaraþrófs í félagsfræði. Viðtöl voru tekin við tíu konur og gefa niðurstöðurnar vísbendingu um að ótti um eigið líf og barna sinna sé það sem fær konur til að stíga skrefið til fulls og yfirgefa sambandið. Að auki lýsa nokkrar kvennanna eins konar „endurfæðingu“ þegar þær skildu til fulls að þær voru í ofbeldissambandi, oft vegna ábendingar frá vinum eða ættingjum. Þekkingarskortur og skortur á efnislegum hjörgum hindrar konur oft í að fara. Nauðsynlegt er að upplýsingar um aðstoðarúrræði séu vel aðgengilegar til að auðvelda konum að stíga skrefið. Þá þurfa konur að geta sótt sér aðstoð hjá hvaða sveitarfélagi sem er, óháð búsetu.

**Lykilorð:** ofbeldissamband, bjargir, aðstoð, ótti.

## Abstract

The aim of this article is to gain insight into the experiences of women who have left a violent relationship. The article is based on the findings of a masters thesis by Valgerður S. Kristjánsdóttir (2014). Ten women were interviewed and the results indicate that fear for their own life or the welfare of their children was what made them take the step and leave the relationship. Some also describe a kind of “rebirth” when they understand that they are in a violent relationship, often because friends or relatives point it out to them. It is necessary that information about all helping instances and resources is easily accessible to help women break out of abusive relationships, and women must be able to receive assistance from each and every municipality regardless of their legal residence.

**Keywords:** violent relationship, resources, assistance, fear.

## Inngangur

Að undanfögnu hefur fjölgað verulega rannsóknum þar sem reynt er að auka skilning á ofbeldi í nánnum samböndum. Hluti þessara rannsókna beinist að spurningunni um hvers vegna konur eiga erfitt með að losna úr ofbeldissamböndum. Sýnt hefur verið fram á að samband sem einkennist af ofbeldi er töluvert flóknara en svo að konan geti einfaldlega ákveðið að fara, auk þess sem ekki er nein trygging fyrir því að þar með sé ofbeldinu lokið. Fyrir eða síðar reyna þó langflestar konur sem beittar eru ofbeldi að yfirgefa ofbeldismanninn. Hér er gerð grein fyrir rannsókn á því hvað fær íslenskar konur til að yfirgefa ofbeldissamband.

## Konur og ofbeldi

Áætla má að 0,5–2% íslenskra kvenna séu árlega beittar líkamlegu ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997; Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010; Ingólfur V. Gíslason, 2008). Í ársskýrslum Samtaka um kvennaathvarf kemur fram það mat að fjórðungur til þriðjungur skjólstaðinga athvarfsins snúi þaðan aftur til ofbeldismannsins í óbreytt ástand (Samtök um kvennaathvarf, 2015). Sú spurning vaknar hvers vegna þær gera það.

Ástæður þess að kona yfirgefur ekki ofbeldismann eða snýr aftur til hans geta verið margar. Þeim má skipta í tvo meginflokk, ytri og innri ástæður. Ytri ástæður snúa þá að efnislegum þáttum sem konurnar telja að hindri þær í að fara (Anderson, 2007; Barnett, 2000, 2001; LaViolette og Barnett, 2013). Efnislegir þættir sem geta haft í för með sér að konan álitur að hún geti ekki komist af án þess að búa með ofbeldismanninum eru skortur á húsnæði, litlar eða engar eigin tekjur, fáir eða engir vinir eða ættingjar í nágrenninu o.fl. Innri ástæður vísa hins vegar til þróunar sem oft einkennir ofbeldissamband: Áhrif ofbeldisins brengla heimsmynd þolandans og hann flækist í vef ofbeldismannsins (Enander og Holmberg, 2008; Kirkwood, 1993; Lundgren, 1991; Yoshiama, 2005). Konan fer smám saman að horfa á sjálfa sig og tilveruna í heild með augum ofbeldismannsins. Hún getur farið að líta svo á að hún eigi ofbeldið skilið, að hún sé lítils virði án karlsins og að ofbeldinu hljóti að linna ef hún breytir hegðun sinni.

Í yfirgripsmikilli grein um ástæður fyrir tregðu kvenna við að fara frá ofbeldismanni er komist að þeirri meginniðurstöðu að ákvörðun kvennanna ráðist frekar af ytri þáttunum en hinum innri (Anderson og Saunders, 2003). Þannig ætti bætt efnaleg staða kvenna, greiðari aðgangur að húsnæði og stuðningur að ýta undir að þær yfirgefi ofbeldissamband.

Rannsakendur eru yfirleitt sammála um að ákvörðunin um að fara sé ferli sem getur tekið töluverðan tíma. Ákvörðunin þróast stig af stigi og ekki er óalgengt



að konan hafi gert þrjár til fimm tilraunir áður en hún fer endanlega (Dobash og Dobash, 1979; Eliasson og Ellgrim, 2006).

Alþjóðlegar rannsóknir benda til þess að einn eða fleiri af þessum fjórum þáttum eigi meginþátt í ákvörðun konu um að reyna að yfirgefa ofbeldissamband: 1. Aukið ofbeldi eða versnandi sambúð; 2. Ótti um eigið líf eða heilsu og þó enn frekar barnanna; 3. Aukinn persónulegur styrkur konunnar eða auknir möguleikar í tilverunni; 4. „Endurfæðing“ konunnar, þ.e. eitthvað verður til þess að hún áttar sig á að hún er í ofbeldissambandi (Enander, 2011; Goetting, 1999; Haj-Yahia og Eldar-Avidan, 2001; Kurz, 1996; Patzel, 2001).

### Aðferð

Rannsóknin byggist á eigindlegri aðferðafræði og tilgangurinn er að fá fram lýsingar og upplifun kvenna sem hafa reynslu af því að yfirgefa ofbeldissamband. Um er að ræða hentugleikaúrtak en viðmælenda var aflað með því að auglýsa á *bland.is* og setja upp auglýsingu hjá Kvennaathvarfinu. Hálfstöðluð viðtöl voru tekin við tíu konur á tímabilinu frá október 2012 til nóvember 2013. Öll voru þau tekin upp á stafrænt upptökutæki og afrituð orðrétt. Viðtölin voru síðan þemagreind með opnum kóðum (Brinkmann og Kvale, 2015). Öllum nöfnum var breytt við afritun.

Nú kvennanna höfðu slitið sambandi sínu en ein hjó enn með ofbeldismanninum. Mjög misjafnlega langt var liðið frá sambandsslitunum þegar kom að viðtalinu, frá fimm dögum og til 22 ára. Helmingur kvennanna átti eitt ofbeldissamband að baki en hinn helmingurinn tvö sambönd sem bæði höfðu einkennst af ofbeldi. Meðalaldur var tæplega 42 ár en aldursdreifing frá 30 til 57 ára. Helmingur viðmælenda var utan vinnu- markaðar vegna veikinda. Með einni undantekningu höfðu þær verið beittar líkamlegu ofbeldi og í flestum tilfellum einnig andlegu og fjárhagslegu ofbeldi. Helmingur þeirra hafði verið beittur kynferðislegu ofbeldi.

### Reynsla kvennanna

#### Ofbeldissambandið

Lýsingar kvennanna á þróun sambands síns falla vel að kenningum um að konur í ofbeldissamböndum flækist í net sem erfitt er að losna úr. Flestar þeirra töldu að andlega ofbeldið og niðurrifið hefði byrjað fljótlega eftir að sambúðin hófst. Það sem þær litu í upphafi á sem ást, umhyggju og góðmennsku hafi þróast í stjórnsemi og ráðríki. Það ferli tók mislangan tíma og með sama hætti tók það mislangan tíma fyrir konurnar að átta sig á því að þær voru í ofbeldissambandi. Helmingur

ur gerenda misnotaði áfengi og/eða önnur vímuefni og þrjár þeirra höfðu greinst með geðsjúkdóm. Konurnar nefndu einnig að þær teldu karlana þjáast af töluverðri minnimáttarkennd.

Ofbeldinu lauk yfirleitt ekki þótt skilnaður væri um garð genginn og hin fráskildu byggju ekki lengur á sama stað. Karlarnir héldu áfram að áreita þær andlega og í sumum tilfellum með hótunum, innbrotum og með því að skemma eða eyðileggja eigur kvennanna. Fjórar kvennanna nefndu að þær hefðu ekki viljað búa á jarðhæð fyrst eftir skilnaðinn, eða í húsi þar sem inn-ganga var auðveld. Augljóst var að reynsla kvennanna mótaði enn hegðun sumra þeirra, óttinn var enn til staðar. Tinna lýsir þessu þannig:

Alltaf þegar ég var í fjölmenni þá var ég alltaf að leita eftir andlitinu á honum sko að hann væri að fylgjast með mér ... sem sagt ég var stressuð yfir því í mörg ár á eftir og það kemur ennþá ... ég er ennþá hrædd við þennan mann ... ef það dinglar einhver og ég veit ekki að það er einhver að koma þá kippist stundum svona aðeins í manni þó það séu komin 20 eða þú veist næstum 20 ár síðan.

Svipuð hræðsla eða endurlit slæmra minninga einkenndi margar hinna kvennanna og þá sérstaklega þær sem ekki höfðu sótt sér aðstoð til að vinna úr reynslu sinni. Þó var enn meira áberandi sú skömm sem konurnar upplifðu yfir að hafa látið fara svona með sig. Yfir helmingur þeirra nefndi það með einum eða öðrum hætti, stundum í tengslum við almenna samfélagslega umræðu um ofbeldi. Elísabet sagði:

Mér finnst ofboðslega erfitt að horfa á ef það er eitthvað svona í Kastljósi eða eitthvað ... ég yfirleitt bara fer þá í tölvuna bara í einhvern leik ... mér finnst nefnilega stundum sko út af því að það er rosa algengt að við förum ekki undir nafni fram, það er bara þannig, því við skömmumst okkar, ALLAR, það skammast sín allir fyrir þetta ... út af því að það er mjög algengt og eins og þegar ég var að vinna á S, þá kom oft alveg upp einhver svona umræða þarna, „af hverju fór hún ekki?“ ... alveg „díses!“ ... Þetta „af hverju fór hún ekki“ ... það bara er bara miklu meira en að segja það ... út af því að ég hugsaði svona líka áður en að ég varð ... [Ljóst er að hún á við að hún hafi sjálf talað með þessum hætti áður en hún varð sjálf fyrir ofbeldi]

Ofbeldissambandið hafði þannig skýrar og alvarlegar andlegar afleiðingar fyrir konurnar. Þær voru varar um sig og stressaðar. Skömmin gerir þeim erfitt fyrir að vinna úr reynslu sinni. Líkamlegar afleiðingar voru



einnig skýrar. Allar þær sem höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi höfðu fengið sýnilega áverka meðan á sambandinu stóð. Sumar kvennanna urðu fyrir mjög alvarlegum líkamlegum áverkum, svo sem mjaðmagrindarbroti, skurðum sem þurfti að sauma og fleira því um líkt. Líkamlegar afleiðingar voru þó ekki bundnar við þá áverka sem þær hlutu í sambandinu.

Elísabet greinir frá því að þremur árum eftir að hún yfirgaf ofbeldismanninn hafi líkami hennar gjörsamlega hrunið. Veikindin byrjuðu á því að hún fékk höfuðverkjaköst með svo miklum verkjum að hún kastaði oft upp. Höfuðverkurinn hvarf á endanum en við tóku miklir bakverkir. Þessir verkir ágerðust og um það bil hálfu ári síðar var ástandið orðið þannig að hún gat ekki sest niður, ekki staðið upp og varla gengið. Hún fékk mikil þyngsli fyrir brjóstið og var lögð á hjarta-deild. Eftir sólarhringsskoðun og ýmsar prufur sagði læknirinn við hana að „stresslevelið í líkamanum [hafi] bara [farið] yfir það sem hann [réd] við“. Elísabet segir að veikindi hennar séu talin bein afleiðing af því að hafa búið með þessum manni um tíma. Hún er með vefjagigt og utan vinnumarkaðar. Tvær aðrar, Svana og Hafdís, hafa einnig greinst með vefjagigt og í báðum tilfellum er talið að sjúkdómurinn hafi komið í kjölfar þess að búa við ofbeldi. Þessar konur geta ekki unnið sökum gigtarinnar. Álíka áhrif á líkama kvenna í ofbeldissambandi hafa áður birst í íslenskri rannsókn (Svavarsdóttir & Orlygsdóttir, 2009).

**Vefurinn**

Konurnar lýstu því hvernig sá vefur varð til sem byrgði þeim sýn. Yfirleitt óx ofbeldið fram smátt og smátt og konurnar færðu eigin mörk til samræmis. Harpa lýsti því ferli þannig:

Þú ert búin að finna mann sem þú ætlar að búa með, og býrð með og svona og elskar hann út af lífinu og allt það og svo lemur hann þig, það hlýtur að hafa verið óvart sko, og svo gerist þetta aftur og maður færir alltaf mörkin. Fyrst bara já hann brýtur allt sko, en ef hann snertir mig sko, þá! Svo kemur að því að hann snertir mig og ef hann gerir þetta aftur sko, þá! Og svo er það orðið ef þetta fer í andlitið ... og svo er það orðið ef hann lemur krakkann ... já maður færir þau bara, á meðan þetta er ekki svona er þetta í lagi. Svo verður þetta svona þá bara býr maður sér til nýtt sem er já bara það sem maður getur lifað af og á endanum situr maður uppi með allt í klessu.

Yfirleitt var það sambland af ytri og innri ástæðum sem hindraði konurnar í að fara. Flestar voru þær

fjárhagslega háðar eiginmanninum, íbúðin var á hans nafni, líka bankareikningur með sparifé þeirra, og aðrar eigur. Ofbeldismennirnir lögðu oft áherslu á það hvað þær yrðu illa staddar ef þær færu. Harpa sagði:

Hann sagði mér líka alveg þangað til mamma dó og ég fékk arf eftir hana þá sagði hann mér alltaf að ég ætti ekki neitt þarna, ef ég færi að þá ætti ég ekki neitt því að hann væri búinn að vinna fyrir þessu og að ég ætti ekki neitt og ég var alveg komin með það innprentað ... að ég ætti ekki neitt ...

Mörkin færðust til og karlarnir hótuðu enn verra ofbeldi ef þær færu, annaðhvort gegn konunum eða börnunum. Einnig voru dæmi um að karlarnir hótuðu sjálfsvígi. Þegar Lísu var spurð hvort eiginmaðurinn hefði einhvern tíma hótad henni lífláti svaraði hún: „Já já, hann gerði það margoft og líka að drepa dóttur okkar og ... hann hefur haldið henni úti á svölum og ætlaði að henda henni niður af svölunum.“

Þannig fléttuðust þessir þættir saman, upphaflega ástin og vonin um að allt lagaðist, tilfærsla markanna og efnislegar takmarkanir, og urðu að vef sem hélt konunum í ofbeldissambandi árum saman. Þegar þær litu til baka voru þær oft hissa á því að hafa orðið fyrir þessu. „... svo hugsar maður til baka og alveg bara dísar kræst hvað varstu að þæla sko,“ sagði Guðrún. Og Elísabet sagði: „Ég ætlaði aldrei að verða fórnarlamb neins ... en þetta eru bara ótrúlega lunknir aðilar hvernig þeir fara að því að einangra mann og brjóta mann niður.“

**Eitthvað brestur**

Sex kvennanna sögðu að þær hefðu lengi haldið að ofbeldið myndi minnka eða jafnvel hætta. „Þetta hlýtur að vera síðasta skiptið, nú verður allt miklu betra af því að hann var alltaf svo góður daginn eftir,“ segir Tinna til að mynda þegar hún rifjar upp af hverju hún skildi ekki við maka sinn fyrr en hún gerði. Harpa tekur undir með Tinnu: „Hann var ekkert hættur sko, þá komu bara bestu hliðarnar og ægilega góður og bestur í heiminum og allt það ... og þá hættir mér til að gleyma hinu.“

Allar höfðu konurnar reynt áður að slíta sambandinu en fóru svo aftur til makans eða hann kom aftur inn í líf þeirra á einhvern hátt. Sumar urðu fyrir þrýstingi ættingja mannsins sem fullyrtu að hann væri breyttur. Aðrar réðu ekki við aðskilnaðinn fjárhagslega eða höfðu engan samastað.

Flestar kvennanna lýsa endalokum sambandsins þannig að yfir þær hafi komið einhver kraftur sem gerði þeim kleift að koma ofbeldismanninum út eða



fara sjálfar. Elísabet var alltaf sannfærð um að ástandið myndi batna, þangað til hún fékk að lokum nóg:

En svo þarna síðasta árið þá var ég alveg hætt að trúá því og ég var farin að fyrirlíta hann og ég var bara löngu, löngu hætt að elska hann ... þetta var bara einhver svona hnútur sem ég varð að leysa einhvern veginn, þú veist, ég vildi ekki hafa hann þarna ... Allt í einu þá bara er í mér einhver brjálæðislegur styrkur og ég bara, „drullaðu þér út!“ Og ég var bara ísköld.

Í hennar tilfelli dugði þetta þó skammt því að karlinn hélt ofsóknum áfram allt þar til Elísabet flutti úr landi. Fleiri höfðu slíka reynslu. Tinna sagði:

Það var eftir að við skildum ... þá fór ég að leigja og ég bjó niður á D ... þá átti hann það til að koma þangað. Hann braust inn í íbúðina til mín, hann hætti ekkert ... Hann var alltaf að koma, þú veist, hann kom, hélt mér í gíslingu, lagði á mig hendur ...

Fjórar kvennanna nefndu að áhyggjur af velferð barnanna hefði ráðið úrslitum. Það er í samræmi við þær niðurstöður Anníar G. Haugen (2009) að börn séu oftast forsenda þess að konur í ofbeldissambandi leiti til félagsþjónustu sveitarfélaga. Þegar börn Hafdísar sögðu henni að ofbeldismaðurinn væri farinn að leggja hendur á þau líka var þolmörkunum náð: „Ég sagði honum að hann yrði að fara, endanlega, þá var ég núna svo hrædd um þau gagnvart honum.“ Þórunn hefur svipaða sögu að segja. Þegar hún eignaðist barn með ofbeldismanninum ákvað hún að það væri kominn tími til að slíta sambandinu: „Ég bara hringdi í hann og sagði bara: „Ég nenni þessu ekki lengur, ég er bara farin, þetta er bara búið, ég kem á mánudaginn og sæki allt draslið mitt“.“

Utanaðkomandi stuðningur, hvatning eða úrslitakostir voru einnig mikilvægir þættir. Bróðir Hafdísar grét og sagði henni að ef þetta héldi svona áfram myndi hann á endanum ganga í skrokk á maka hennar. Guðrún fékk mikinn stuðning frá foreldrum sínum og bróður og telur að ef ekki hefði verið fyrir þann stuðning hefði hún snúið aftur. Þórunn leitaði til sálfræðings sem opnaði augu hennar og þar fékk hún styrk. Svana fékk úrslitakosti frá dætrum sínum, annaðhvort yfirgæfi hún ofbeldismanninn eða þær slitu sambandi við hana. Hún valdi eiginmanninn og dæturnar stóðu við hótunina.

Tvær kvennanna sögðu að það hafi ekki verið fyrir en ástandið var orðið spurning um líf eða dauða sem þær fengu kraftinn til að yfirgefa ofbeldismanninn. Harpa sagði:

Í rauninni sko fyrir mig var þetta spurning um líf eða dauða, ég gat ekki búið með honum lengur ... ég hefði svipt mig lífi eða bara lognast út af ... lífsneistinn var slökknadur og þarna hugsaði ég að ég þyrfti að halda mér á lífi fyrir dæturnar.

Svana skildi að lokum við fyrri eiginmann sinn og segir: „Ég varð að skilja til þess að lifa, ef ég hefði haldið áfram, hann hefði drepið mig, það er bara þannig, ég hefði ekki, það hefði bara komið upp sú stund að ég hefði ekki lifað af.“

### Úrræði

Ýmis úrræði standa til boða konum sem beittar eru ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka (Guðrún Helga Sederholm, 2010). Þátttakendur í þessari rannsókn höfðu reynslu af þessum úrræðum. Átta kvennanna höfðu leitað til lögreglunnar og sex þeirra töldu þau samskipti ekki hafa verið nægilega góð. Þeim þóttu viðtökurnar kuldalegar eða fannst að þeim væri ekki trúað. Tinna hafði verstu reynsluna. Hún segist tvisvar hafa farið til lögreglunnar og sagt frá því sem hafði gerst en í bæði skiptin hafði fyrrverandi maki hennar brotist inn og ráðist á hana. Í hvorugt skiptið voru móttökur lögreglunnar góðar:

Maður var alveg marinn á hálsinum, þá sagði lögreglan við mig, „bíddu er þetta ekki bara það sem þið stelpurnar viljið? Þið viljið hafa þetta svolítið röff.“ Það var bara ekkert hlustað á mig ... ég reyndi það þarna á sínum tíma, ætlaði að leggja fram kærú en eins og lögreglan sagði, „þetta er bara það sem þið viljið, þú græðir ekkert á þessu“ ... hann myndi bara koma miklu harðari til baka.

Að mörgu leyti er lýsing Svönu þó dæmigerðari fyrir upplifun kvennanna af lögreglunni. Henni fannst of mikið ýtt á sig og þótti óþægilegt að vera ein í yfirheyrsluherbergi með tveimur karlkyns rannsóknarlögreglumönnum:

Í dag myndi ég ekki fara aftur í gegnum þetta ... ég hefði viljað fá einhvern einstakling með mér inn ... ekki bara karlmenn ... aldrei ýta svona á konur eins og þeir gerðu, það bara fór allt í baklás hjá mér ... ég vil ekki að neinn upplifi þetta, ég er sterk kona en ég bara skil ekki hvernig ég komst í gegnum þetta ... það vantaði allt þetta mjúka.

Reynsla Hafdísar var töluvert önnur. Hún hafði ekki gert sér grein fyrir því að hún gæti hringt á lögregluna og fengið aðstoð fyrir en hún var upplýst um það



hjá Kvennaathvarfinu. Eftir það hikaði hún ekki við að hringja og var mjög ánægð með þá aðstoð sem hún fékk:

Ef að ég hringdi voru þeir komnir bara, lengst held ég að ég hafi þurft að bíða í 10 mínútur sko, yfirleitt voru þetta þrjár, fjórar mínútur ... þeir voru búnir að setja mig á einhvern lista ... ég hringdi og þeir voru bara komnir og stundum hringdu þeir og létu mig vita að þeir væru að keyra framhjá einu sinni á klukkutíma og þetta veitti mér ofboðslegt öryggi ... ég fékk aldrei annað en svona rosalega hlýtt viðmót, það var alveg sama hvort þetta voru lögregluþjónar sem voru sko tvítugir eða sextugir það var alltaf hlýtt viðmót og kurteisi ... það var alltaf bara „hvað getum við gert til að aðstoða“.

Sex kvennanna höfðu reynslu af Kvennaathvarfinu, tvær eftir dvöl en fjórar hafa verið þar í viðtölum, hópstarfi eða fengið ráðgjöf. Þeim fannst yfirleitt erfitt að taka það skref að leita til athvarfsins en voru ánægðar með þá aðstoð sem þær fengu. Þeim fannst þó að það þyrfti að vera hægt að dveljast þar lengur eða að annað búsetuúrræði væri til staðar. Harpa nefndi hugsanlega lausn fyrir samfélagið á þessum húsnæðisvanda, áfangaheimili (e. halfway house) fyrir konur sem eru að koma úr ofbeldissambandi:

Ef að ég mætti ráða, þá væri svona milliúrræði þar sem að þegar þú værir kannski búin að jafna þig hér [í Kvennaathvarfinu] í dvöl að þá gætirðu farið í ... þar sem að er kannski bara svona sambýli, gætir fengið herbergi og verið í nokkra mánuði án þess að það sé svona mikil starfsemi eins og hér, það væri kannski nálægt, þannig að það væri hægt að leita hingað og væri þá fast húsnæði og skjól ... það hefði verið mjög mikið öryggisatriði fyrir mig ef ég hefði getað farið héðan bara í eitthvað hús þar sem ég hefði kannski þriggja til sex mánaða skjól með konum í svipaðri stöðu.

Margar kvennanna höfðu leitað annað eftir úrræðum en þótti óþægilegt að þeim var sjaldnast bent þar á aðra kosti, svo sem Kvennaathvarfið. Þegar Hildur var spurð hversu aðgengileg henni hafi fundist félagsleg úrræði svaraði hún að sér hafi fundist þau mjög erfið. „Það var svolítið verið að kasta okkur á milli, þegar félagsþjónustan sagðist ekki geta gert meira þá vísuðu þeir á barnavernd og barnaverndarnefnd sagðist ekkert geta gert og okkur var bara kastað á milli.“ Athyglisvert er að fjórar konur af tíu segja félagsþjónustu sveitarfélagsins vera óaðgengilegasta úrræðið. Jóna og Elísabet þurftu báðar að flýja sitt sveitarfélag vegna ofbeldisins en í kjölfarið áttu þær engan rétt á aðstoð hjá sveitarfélaginu sem þær flúðu í. Elísabet flúði í annað

sveitarfélag þegar hún fór í fyrsta skipti frá sambýlismanni sínum en neyddist til að snúa aftur:

Ég átti ekki rétt á neinni aðstoð af því að ég bjó ekki í sveitarfélaginu ... Mamma hringdi upp á heilsugæslu og bara, „geta þær fengið einhverja aðstoð, þær verða að tala við einhvern“ og „nei, þær verða bara að gera það í sínu sveitarfélagi“ var bara svarið ... Það sjokkeraði mig rosalega að fá enga aðstoð þar sem við fórum á [sveitarfélag], mér fannst það rosalegt eftir á, ég er eiginlega viss um það að ef ég hefði fengið rétta aðstoð þarna að ég hefði ekki farið til baka, ég er eiginlega viss um það.

Samfélagslegur stuðningur skiptir konurnar miklu máli. Félagspjónusta sveitarfélaganna er oft sú aðstoð sem konurnar þurfa mest á að halda, sérstaklega fjárhagslega. Margar þeirra nefndu peningaskort sem stórt vandamál. Það skiptir miklu máli fyrir konurnar að félagsþjónustan viðhaldi ekki þeim fjárhagslegu höftum sem oft voru hluti af samböndum kvennanna. Þá er augljóst að framkoma og afskipti lögreglu geta ráðið úrslitum um það hvort konur losna undan ofbeldinu.

### Niðurstöður

Lýsingar viðmælenda á því hvað varð til þess að þær yfirgáfu ofbeldissambandið eru í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna (Enander, 2011; Goetting, 1999; Haj-Yahia og Eldar-Avidan, 2001; Kurz, 1996; Patzel, 2001). Lykilþættir ákvörðunar um að fara voru ótti, utanaðkomandi aðstoð eða þrýstingur og „endurfæðing“. Konurnar voru farnar að óttast afleiðingar ofbeldisins fyrir börnin og eigið líf. Flestar höfðu þær oftast en einu sinni hótad að yfirgefa sambandið, eða tekið einhver skref í þá átt, áður en kom að hinum „endanlegu“ sambandslitum. Orðið er haft hér innan gæsalappa því að þótt þær hefðu yfirgefið maka sína og skilið við þá héldu ofsóknir oft áfram einhvern tíma á eftir. Þá má einnig segja að sambandslitin séu ekki endanleg vegna þess að konurnar búa við svo margar alvarlegar líkamlegar og andlegar afleiðingar að sambandið er enn mikill áhrifaþáttur í lífi þeirra.

Það sem hélt aftur af konunum var samfléttun innri og ytri þátta. Ofbeldissambandið bringlaði sýn þeirra, þær færðu stöðugt til mörk sín og töldu sér trú um að allt myndi batna. Þá fóru þær að telja sig lítils virði og töldu að þær gætu aldrei bjargast án makans sem er í samræmi við erlendar rannsóknir (Enander og Holmberg, 2008; Kirkwood, 1993; Lundgren, 1991; Yoshihama, 2005). Við bættust svo efnislegar takmarkanir, rýrar tekjur og það að húsnæði og sparnaður var á nafni



eiginmannsins. Utanaðkomandi hvatning og aðstoð skiptu miklu máli fyrir ákvörðun kvennanna um að yfirgefa sambandið. Þetta virðist fyrst og fremst hafa átt við stuðning nákominna en opinber stuðningur skipti einnig máli þótt reynslan af honum væri misjöfn.

Tvennt reyndist lakast við hinn opinbera stuðning. Annars vegar er skortur á ráðleggingum og ábendingum um það hvar aðstoð er að fá og í hvaða formi. Það sýnir vel hversu mikilvægt það er að yfirlit yfir úræði sé á einum aðgengilegum stað þannig að konurnar sjálfar eða fólk sem fær vitneskju um ofbeldið geti fengið upplýsingar og miðlað þeim. Hins vegar verður félagsþjónusta sveitarfélaga að geta aðstoðað konur á flóttu undan ofbeldismönnum. Ekki er verjandi að konur séu þvingaðar til að snúa aftur í ofbeldissamband. Forsenda fyrir þjónustu sveitarfélaga er nú að viðkomandi eigi þar lögheimili. Mikilvægt er að leita leiða til að félagsþjónusta sveitarfélaga geti boðið konum í þessari stöðu húsnaði og fjárhagsaðstoð án tillits til þess hvar þær eiga lögheimili. Ljóst er af erlendum rannsóknum að slíkir efnahagslegir þættir geta ráðið úrslitum um hvort konur losna úr ofbeldissambandi (Anderson og Saunders, 2003).

Loks ber að nefna að reynsla sumra kvennanna af afskiptum lögreglu undirstrikar mikilvægi þess að lögreglumenn hafi víðtæka og góða þekkingu á eðli heimilisofbeldis og þörfum brotaþola. Eftir að rannsókn þessari lauk hefur orðið nokkur breyting á opinberri aðkomu að málafloknum. Samvinna opinberra aðila hefur aukist, sem sést t.d. á samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu undir yfirskriftinni *Saman gegn ofbeldi*. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að þar hafi verið stigið framfaraskref.

### Heimildir

Anderson, D.K. og Saunders, D.G. (2003). Leaving an abusive partner: An empirical review of predictors, the process of leaving, and psychological well-being. *Trauma, Violence, & Abuse*, 4(2), 163–191.

Anderson, K.L. (2007). Who gets out? Gender as structure and the dissolution of violent heterosexual relationships. *Gender & Society*, 21(2), 173–201.

Anni G. Haugen. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Barnett, O.W. (2000). Why battered women do not leave, part 1: External inhibiting factors within society. *Trauma, Violence, & Abuse*, 1(4), 343–372.

Barnett, O.W. (2001). Why battered women do not leave, part 2: External inhibiting factors – social support and internal inhibiting factors. *Trauma, Violence, & Abuse*, 2(1), 3–35.

Brinkmann, S. og Kvale, S. (2015). *InterViews: Learning the craft of qualitative research interviewing*. London: Sage.

Dobash, R.E. og Dobash, R. (1979). *Violence against wives: A case against the patriarchy*. New York: Free Press.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (1997). *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*. Sótt 5. mars 2014 af [http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Heimilisofbeldi\\_skyrsla1997.pdf](http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Heimilisofbeldi_skyrsla1997.pdf)

Eliasson, M. og Ellgrim, B. (2006). *Mäns våld mot kvinnor i nära relationer*. Stokkhólmi: Sveriges kommuner och landsting.

Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18–80 ára á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Enander, V. (2011). Leaving Jekyll and Hyde: Emotion work in the context of intimate partner violence. *Feminism & Psychology*, 21(1), 29–48.

Enander, V. og Holmberg, C. (2008). Why does she leave? The leaving process(es) of battered women. *Health care for women international*, 29(3), 200–226.

Svavarsdóttir, E.K. og Orlygisdóttir, B. (2009). Intimate partner abuse factors associated with women's health: a general population study. *Journal of advanced nursing*, 65(7), 1452–1462.

Goetting, A. (1999). *Getting out: Life stories of women who left abusive men*. New York: Columbia University Press.

Guðrún Helga Sederholm. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Þjónusta 11 félagasamtaka*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Haj-Yahia, M.M. og Eldar-Avidan, D. (2001). Formerly battered women: A qualitative study of their experiences in making a decision to divorce and carrying it out. *Journal of Divorce & Remarriage*, 36(1–2), 37–65.

Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum. Orsakir – afleiðingar – úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Kirkwood, C. (1993). *Leaving abusive partners: From the scars of survival to the wisdom for change*. London: Sage.

Kurz, D. (1996). Separation, divorce, and woman abuse. *Violence Against Women*, 2(1), 63–81.

LaViolette, A.D. og Barnett, O.W. (2013). *It could happen to anyone: Why battered women stay*. London: Sage.

Lundgren, E. (1991). *Váldets normaliseringsprocess: två parter – två strategier*. Stokkhólmi: Riksorganisationen för Sveriges kvinnojourer i Sverige.

Patzel, B. (2001). Women's use of resources in leaving abusive relationships: A naturalistic inquiry. *Issues in mental health nursing*, 22(8), 729–747.

Samtök um kvennaathvarf. (2015). *Ársskýrsla*. Sótt 16. nóvember 2015 af <http://www.kvennaathvarf.is/media/arsskyrslur/SUK-Arsskyrsla-2014.pdf>.

Valgerður S. Kristjánsdóttir. (2014). *Að stíga skrefið: Reynsla kvenna af því að slíta ofbeldissambandi*. Óbirt meistara-ritgerð, Háskóli Íslands.

Yoshihama, M. (2005). A web in the patriarchal clan system: Tactics of intimate partners in the Japanese sociocultural context. *Violence Against Women*, 11(10), 1236–1262.